

Íslenskur vinnumarkaður

Innlendur vinnumarkaður á fyrri hluta árs 2026



VINNUMÁLA
STOFNUN



VINNUMÁLA
STOFNUN

Íslenskur vinnumarkaður

Innlendur vinnumarkaður á fyrri hluta árs 2026

Í skýrslu Vinnumálastofnunar um vinnumarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2026 verður farið yfir helstu þætti innlends vinnumarkaðar og rýnt í þróun milli landssvæða og hópa á vinnumarkaði eftir aldri, kyni og uppruna. Einnig verður spáð fyrir um þróun atvinnuleysis næstu 12 mánuði.

Staða og þróun á fyrri hluta árs 2026	4
Staðan á vinnumarkaði	5
Vinnuafli.....	6
Starfandi	6
Atvinnulausir.....	7
Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði	8
Starfsemi Vinnumálastofnunar í JL-húsinu	9
Staða ólíkra aldurshópa á vinnumarkaði	10
Eldri hópar á vinnumarkaði – 55 ára og eldri.	11
Landssvæði	12
Atvinnuleysi og vinnumarkaður – spá fyrir næstu 12 mánuði	14

Staða og þróun á fyrri hluta árs 2026


Atvinnuleysi á fyrstu 7 mánuðum ársins 2026 var 4,5% samanborið við 3,9% á sama tímabili árið 2025. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hækkaði meira en á landsbyggðinni og jafnframt var atvinnuleysi á Suðurnesjum hærra en á öðrum landsvæðum þrátt fyrir að það hafi lækkað hratt undanfarna mánuði. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði svipaður og síðasta ár en að verðbólga haldi áfram að hækka fram til loka árs 2026 en lækki eftir það. Innlendur vinnumarkaður hefur kólnað eftir fall Play á haustmánuðum 2025 sem birtist í auknu atvinnuleysi og minni fjölgun starfandi samanborið við árin á undan.

Fyrir ungt fólk (18-29 ára) á vinnumarkaði hefur atvinnuleysi verið sveiflukenndara en fyrir aðra hópa en mælist þó svipað og hjá aldurshópnum 30-54 ára og mun hærra en fyrir 55-69 ára hópinn. Tímalengd atvinnuleysis virðist þó vera í öfugu hlutfalli við aldur og þegar litið er tölulegra gagna síðastliðin 3 ár þá sést að um 70% yngsta hópsins var afskráður af atvinnuleysisbótum eftir 6 mánuði á meðan hlutfallið var 62% fyrir aldurshópinn 30-54 ára. Fyrir elsta hópinn, 55-69 ára, voru 55% allra afskráðir innan 6 mánaða frá upphafi atvinnuleysistímabils.

Fjöldi starfa stóð nokkurn veginn í stað á fyrri helmingi árs 2026 samanborið við árið á undan. Þær atvinnugreinar sem störfum fylgðu innan voru helst opinber stjórnsýsla, fræðslu- heilbrigðis- og félagsþjónusta og innan fjármála- og váttryggingastarfsemi. Störfum í byggingariðnaði og öðrum iðnaði fækkaði milli ára og sama gildi um störf innan einkennandi greina ferðaþjónustu. Atvinnuleysi jókst mest í byggingariðnaði og greinum tengdum ferðaþjónustu en einnig gætir aukins atvinnuleysis í verslun og vöruflutningum ásamt upplýsingatækni og fjarskiptum.

Skammtímaspá Vinnumálastofnunar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi fari hækkandi næstu 12 mánuði samanborið við undanfarið ár og nái hámarki á fyrstu mánuðum ársins 2027 með atvinnuleysi á bilinu 5,4%-5,5%.

1. Hlutfall afskráðra eftir mánaðarfjölda á atvinnuleysisbótum Skipting eftir aldurshópum



Staðan á vinnumarkaði


Á fyrri helmingi árs 2026 var atvinnuleysi að meðaltali um 0,5 prósentum hærra en árið á undan en fylgdi annars sömu árstíðarþróun og fyrri ár. Eftir fall Play í september á síðasta ári hækkaði atvinnuleysi snögglega og sú hækking virðist ekki hafa gengið til baka á því tæpa ári sem liðið er síðan þótt aðrir þættir komi þar inn. Í júlí 2026 var atvinnuleysi 4,0% en var 3,4% á sama tíma árið áður. Með hægari takti á vinnumarkaði og svipaðri árstíðarþróun og síðustu ár má gera ráð fyrir að atvinnuleysi fari áfram hækkanði og verði allt að 5,5% á fyrstu mánuðum ársins 2027.

Langtímaatvinnuleysi, þ.e. fjöldi þeirra sem höfðu verið án atvinnu í meira en 12 mánuði sem hlutfall af vinnuaflí, fór hækkanði frá árinu 2024 og náði hámarki í mars 2026 þegar það


var rúmlega 0,9% af vinnuaflí. Frá apríl 2026 hefur hlutfallið hins vegar tekið að lækka og svo virðist sem tekist hafi að snúa þróuninni við að einhverju leyti.

Á fyrstu 7 mánuðum ársins 2026 var fjöldi langtímaatvinnulausra að meðaltali um 1.750 manns á mánuði og hækkaði um 240 frá sama tíma árið á undan. Hlutfall langtímaatvinnulausra af vinnuaflí hefur lækkað það sem af er ári og var komið niður í tæplega 0,74% í júlí 2026. Óljóst er hvort áframhald verður á þróun undanfarinna mánaða og gera má ráð fyrir að langtímaatvinnuleysi muni fylgja þróun almenns atvinnuleysis og stöðu hagkerfisins. Ef atvinnuleysi fer vaxandi og taktur hagvaxtar hægist þá má gera ráð fyrir að samhlíða fjölgi í hópi langtímaatvinnulausra.

2. Mánaðarlegt atvinnuleysi 2024 - júl.2026



3. Langtímaatvinnulausir sem hlutfall af vinnuaflí 2024 - júl.2026



Vinnuafli

Vinnuaflið, þ.e.a.s. allir starfandi og atvinnulausir, voru um 235.700 manns að meðaltali á fyrri hluta árs 2026 samkvæmt vinnumarkaðsskönnun Hagstofu Íslands og stóð því sem næst í stað milli ára með 0,1% fjölgun. Á sama tímabili var fjölgun mannfjölda á vinnualdri 1,5% skv. mannfjöldatölum Hagstofu Íslands sem bendir til þess að færri séu virkir á vinnumarkaði nú en á síðasta ári.


Atvinnuþátttaka á fyrri helmingi árs 2026 drógst saman miðað við síðasta ár hjá konum en stóð því sem næst í stað hjá körlum. Atvinnuþátttaka kvenna var 76,5% á fyrstu 6 mánuðum ársins 2026 en 78,6% á sama tímabili árið á undan en hjá körlum var hún 84,1% á fyrri helmingi árs og lækkaði lítillega milli ára. Atvinnuþátttaka hefur sögulega verið mjög há á Íslandi miðað við önnur lönd og hefur undanfarin ár verið á bilinu 80-82% fyrir aldurshópinn 16-74 ára samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar en hefur þó farið lakkandi undanfarin 2 ár.

Starfandi

Fjöldi starfandi samkvæmt skráargögnum Hagstofu Íslands voru 222.500 að meðaltali á fyrstu 6 mánuðum ársins 2026 og fjölgaði um 0,3% miðað við sama tímabil árið á undan. Það hefur því hægt verulega á fjölgun samanborið við síðustu ár. Starfandi teljast allir þeir sem voru með launatekjur á tímabilinu. Konum með launatekjur fjölgaði um 0,5% en hjá körlum stóð fjöldinn í stað. Hlutfall innflytjenda var 24,8% af öllum starfandi á fyrri hluta árs og stóð því sem næst í stað milli ára. Karlar voru þar fleiri en konur og á fyrstu 6 mánuðum árs 2026 voru að meðaltali 25,9% starfandi karlmanna hér á landi af erlendum uppruna meðan sama hlutfall var 23,4% fyrir konur.

Mjög hefur hægt á fjölgun starfandi undanfarin ár og þróunin í fyrri hluta árs 2026 var framhald af því. Erlendu starfsfólki fjölgaði lítillega á fyrri hluta árs eða um 2,4% en íslensku starfsfólki fækkaði um 0,4%. Gera má ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram næsta árið og að fjöldi starfandi muni haldast stöðugur eða lækka lítillega, einkum ef áfram verður hægari taktur á vinnumarkaði.

4. Breyting í fjölda starfandi, 2024 - júní 2026 Íslenskur og erlendur bakgrunnur



Þróunin í fjölda starfandi á fyrri hluta árs 2026 var ólík eftir atvinnugreinum. Í stærsta einstaka atvinnugreinaflokknum, opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu fjölgaði störfum um 2,4% miðað við sama tímabil árið áður en þessi flokkur telur um 32% allra starfandi. Í einkennandi greinum ferðaþjónustu fækkaði störfum um 1,9% og fyrir flutninga með flugi var fækkunin 8,6% sem skýrist af falli Play á síðasta ári. Í heild- og smásöluverslun stóð fjöldi starfa í stað samanborið við síðasta ár en störfum innan upplýsingatækni og fjarskipta fækkaði um 2,8%.

Í atvinnugreinum iðnaðarins sem telur um 23% allra starfandi fækkaði störfum um 1,1% á fyrstu 6 mánuðum ársins 2026 samanborið við sama tímabil árið á undan. Þegar litið er til byggingariðnaðar sem telst innan sömu flokkunar þá hefur störfum fækkað lítillega milli ára og sérstaklega undanfarna 3 mánuði hefur verið fækkun starfa miðað við síðasta ár.

Atvinnulausir


Að meðaltali voru tæplega 9.190 atvinnulausir á mánuði fyrstu 7 mánuði ársins 2026 og var það fjölgun um 1.020 manns frá sama tímabili árið áður. Karlar voru um 5.470 af þessum hóp og konur 3.720.

Einna mest var atvinnuleysi innan flokkanna verslun og vöruflutningar ásamt opinberri þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu en það eru bæði greinar sem mjög margir starfa innan. Því er hlutfallslegt atvinnuleysi ekki endilega mikið innan þessara greina þrátt fyrir háar fjöldatölur.

Á fyrri hluta árs jókst atvinnuleysi mest í byggingariðnaði og greinum tengdum ferðaþjónustu. Einnig mátti greina aukið atvinnuleysi í verslun og vöruflutningum, upplýsingum og fjarskiptum ásamt listum, söfnum, tómstundum og skyldum greinum.

Í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð hefur fjöldi atvinnulausra risið skarpt undanfarið ár og árstíðarbundin lækkun atvinnuleysis yfir sumarmánuði ekki verið jafn sýnileg og árin á undan. Sjá má skýr merki um minnkandi umsvif í byggingageiranum og má gera ráð fyrir að þar hafi hátt vaxtastig áhrif og einnig dræmari sala á tilbúnum nýbyggingum. Í einkennandi greinum ferðaþjónustu jókst atvinnuleysi mikið eftir fall Play en hefur síðan farið lækkandi á fyrri hluta árs 2026 og má búast við að það nái jafnvægi aftur innan næsta árs.

5. Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði


Síðastliðin ár hefur hlutfall erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði farið vaxandi þótt hægt hafi á fjölguninni síðustu 2-3 ár. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2026 var hlutfall fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði tæplega 25% af öllum starfandi. Þegar litið er til heildarmannfjölda á Íslandi voru erlendir ríkisborgarar um 20% heildarinnar í upphafi árs 2026 og því ljóst að hærri hlutfall þeirra er á vinnualdri heldur en hjá Íslendingum almennt.

Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur mælst töluvert meira en meðal Íslendinga undanfarin ár og árstíðarbundnar sveiflur jafnframt verið meiri. Þannig hefur atvinnuleysi fólks með erlent ríkisfang sveiflast það sem af er ári úr 10,6% í janúar og niður í 7,9% í júlí á meðan atvinnuleysi Íslendinga fór hæst í rúmlega 2,8% í mars en lækkaði niður í 2,5% í júlí. Að meðaltali var atvinnuleysi Íslendinga 2,7% á fyrstu 7 mánuðum ársins 2026 en fyrir erlendra ríkisborgara var meðalatvinnuleysi 9,3%. Helsta ástæða þess að árstíðarsveifla atvinnuleysis hjá erlenda hópnum er meiri en hjá Íslendingum er að margir þeirra starfa

innan byggingariðnaðar, verslunar og vöruflutninga eða í greinum tengdum ferðaþjónustu. Allar þessar greinar stjórna af árstíðarsveiflum og eru jafnframt næmar fyrir niðursveiflu í hagkerfinu. Hjá Íslendingum án atvinnu voru algengustu atvinnugreinarnar opinber þjónusta, fræðsla, heilbrigðis og félagsþjónusta ásamt verslun og vöruflutningum.

Á vegum Vinnumálastofnunar hefur undanfarið verið lögð áhersla á að skapa úrræði sem gagnast atvinnuleitendum með erlent ríkisfang en þessi hópur var um 57% þeirra sem voru í þjónustu á fyrstu 7 mánuðum ársins 2026. Meðal áhersluatriða eru tungumálakunnátta, skortur á tengslaneti ásamt fræðslu um íslenskan vinnumarkað og vinnuumhverfi.

6. Atvinnuleysi eftir uppruna
Íslenskt og erlent ríkisfang



Heimild: Vinnumálastofnun

Starfsemi Vinnumálastofnunar í JL-húsinu

Árið 2024 tók Vinnumálastofnun við rekstri JL-hússins og upphaflega var eingöngu gert ráð fyrir búsetuúrræði og þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í húsinu. Sambúð Vesturbæinga við íbúa JL-hússins hefur gengið vel og búið er að gera góða aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur þar sem taka má á móti gestum og taka þátt í fjölbreyttu starfi skipulögðu af sjálfbærðum og hjálparsamtökum.

Vinnumálastofnun hefur einnig nýtt björt og rúmgóð rými hússins til að bjóða upp á tungumálanámskeið og aðra virkni fyrir íbúa, sem og aðra umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þessi námskeið hafa verið vel sótt og fljótt kom upp sú hugmynd að nýta húsið enn betur og þjónusta þar erlenda atvinnuleitendur.

Í ársbyrjun 2026 opnaði Vinnumálastofnun vestasta hluta hússins undir fræðslustarfssemi fyrir flóttafólk og atvinnuleitendur. Þar taka verkefnastjóri og námskeiðishaldarar á móti hópum og einstaklingum og hafa verið haldin um 50 námskeið og vinnustofur fyrir hópa sem þurfa aukinn stuðning út á íslenskan vinnumarkað. Alls hafa 476 einstaklingar af 44 þjóðernum sótt námskeið í húsinu það sem af er ári og sífellt bætist í þá flóru námskeiða sem Vinnumálastofnun býður upp á.

Vel hefur gengið að samtvinna mismunandi hlutverk JL-hússins og vonir standa til að það muni áfram hýsa fjölbreytta fræðslu, virkni og menningu.



Staða ólíkra aldurshópa á vinnumarkaði


Vinnumálastofnun hefur metið atvinnuleysi niður á aldurshópa og á fyrstu 7 mánuðum ársins 2026 var atvinnuleysi aldurshópsins 18-29 ára 4,7% en fyrir aldurshópinn 30-54 ára var atvinnuleysi 4,9%. Lægst var atvinnuleysi hjá aldurshópnum 55-69 ára eða 3,0%.

Fyrir aldurshópinn 18-29 ára hefur atvinnuleysi verið mun sveiflukenndara en fyrir aðra hópa en jafnframt hafa þeir verið fljótari að komast í vinnu aftur. Fyrir aldurshópinn 55-69 ára blasir önnur mynd við, fyrir þennan hóp er atvinnuleysi mun lægra en jafnframt eru þeir lengur að finna annað starf eftir tímabil atvinnuleysis. Hjá aldurshópnum 30-54 ára er atvinnuleysi á svipuðu stigi og fyrir yngsta hópinn en sveiflur eru minni og hópinn er lengur að fá vinnu. Má ætla að þau störf sem yngsti hópinn vinnur krefjist almennt minni sérfræðipækkingar heldur en þau störf sem hópinn yfir 30 ára vinnur og það skýri að hluta meiri sveigjanleika yngsta hópsins á vinnumarkaði.

Hér á landi, líkt og erlendis er sérstaklega fylgst með stöðu ungs fólks á vinnumarkaði. Þetta er fjölbreyttur hópur og innan hans eru einstaklingar í viðkvæmri stöðu, m.a. vegna skorts á menntun og reynslu á vinnumarkaði. Á fyrri hluta árs 2026 voru að meðaltali um 2.500 manns á aldursbilinu 18-29 ára skráðir atvinnulausir á mánuði. Voru þeir um 26% allra á atvinnuleysissskrá á árinu en það hlutfall hefur verið svipað síðustu ár.

Undanfarið hefur verið nokkur umræða um stöðu eldri hópa á vinnumarkaði og hjá Vinnumálastofnun hefur verið unnið að úrræðum sem nýtist þessum hópi sérstaklega, bæði til að aðstoða við atvinnuleit og til að koma í veg fyrir ótímabært brotthvarf af vinnumarkaði.

7. Atvinnuleysi eftir aldurshópum
2024 - júní 2026



Heimild: Vinnumálastofnun

Eldri hópar á vinnumarkaði – 55 ára og eldri.

Fyrir um fjórum árum hóf Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu sérstakt verkefni til að styðja atvinnuleitendur á miðjum aldri að komast aftur í starf. Atvinnuleysi í aldurshópnum 55-69 ára hefur á þeim tíma mælst lágt og nokkuð stöðugt en jafnvel þó að minnsta atvinnuleysið sé í elsta hópnum þá er þetta sá aldurshópur sem lengstan tíma tekur að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Dulið atvinnuleysi

Eitt af því sem hefur áhrif á atvinnuleysi í elsta aldurshópnum er að þar spilar endurhæfingar- og örorkulífeyrir stærra hlutverk en fyrir aðra aldurshópa ásamt því að hluti hósins hefur hafið töku ellilífeyris.

Sé hlutfall einstaklinga á endurhæfingarlífeyri skoðað hjá Tryggingastofnun fyrir tímabilið 2022-2025 er ljóst að breytingin er talsverð. Þannig hækkaði hlutfall þeirra sem fengu greiddan endurhæfingarlífeyrir á aldrinum 50-59 ára um 1,4 prósentustig, fór úr 1,9% upp í 3,3%. Á sama tíma lækkaði hlutfallið hjá sama aldurshópi yfir þá sem eru á örorkubótum eða um 1,3 prósentustig, fór úr 11,8% í 10,5%. Í aldurshópnum 60-66 ára má sjá svipaða þróun. Hlutfall á endurhæfingarlífeyri fór úr 1,4% upp í 2,8% og á sama tíma fækkaði í hópnum á örorkulífeyri um 0,7 prósentustig, fór úr 21,6% niður 20,9%.

Sé sjónum beint að þessum tveimur sameiginlegu bótaflokkum blasir við mynd sem kann að skýra að einhverju leyti lægra atvinnuleysi eldri hópa á vinnumarkaði. Þannig falla 10% karla og 17,9% kvenna á aldrinum 50-59 ára utan atvinnuleysistryggingarkerfisins eða samtals 13,8% allra. Í aldurshópnum 60-66 ára eru 18,1% karla og 29,1% kvenna utan kerfisins eða 23,7% allra. Athygli vekur að tæplega 30% kvenna á aldrinum 60-66 ára séu utan vinnumarkaðar.

Úrræði Vinnumálastofnunar fyrir atvinnuleitendur 50+

Vinnumálastofnun hefur á undanförunum árum þróað sérstök úrræði fyrir atvinnuleitendur 50 ára og eldri.

Námskeiðið Markviss atvinnuleit 50+ hefur verið haldið að minnsta kosti tvisvar á ári. Þar eru kynntar fjölbreyttar leiðir í atvinnuleit með sérstakri áherslu á þær hindranir sem fólk yfir fimmtugu kann að mæta og hvernig hægt er að takast á við þær. Markmiðið er að þátttakendur geti betur komið hæfni sinni, þekkingu og reynslu á framfæri og aukið möguleika sína á að komast í starf við hæfi.

Einnig var sett á laggirnar námskeiðið **Stafræn hæfni á vinnumarkaði**. Kröfur um stafræna hæfni aukast stöðugt og því er mikilvægt að atvinnuleitendur geti uppfært tölvufærni sína og tæknilæsi. Markmiðið er bæði að efla færni þátttakenda og trú þeirra á eigin getu í stafrænu vinnuumhverfi og auðvelda þeim að aðlagast breyttum vinnumarkaði.

Einstaklingum sem eru utan vinnumarkaðar og eru á endurhæfingar- eða örorkulífeyri stendur til boða að nýta sértækt úrræði Vinnumálastofnunar, **Atvinna með stuðningi (AMS)** sem er einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu. Markmið þjónustunnar er að atvinnuleitandi fái starf á vinnumarkaði með sömu réttindum og skyldum og aðrir starfsmenn.

Landssvæði

Þróun atvinnuleysis eftir landssvæðum hefur verið ólík undanfarin ár. Á höfuðborgarsvæðinu var meðalatvinnuleysi 4,7% á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 og hækkaði úr 4,0% árið áður. Á landsbyggðinni var meðalatvinnuleysi tímabilsins 4,1% en var 3,6% árið áður. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu hefur því aukist meira en á landsbyggðinni það sem af er ári 2026.


Meðalatvinnuleysi hækkaði í öllum landshlutum á fyrstu 7 mánuðum ársins 2025 en minnst var hækkunin á Vesturlandi þar sem meðalatvinnuleysi fór úr 2,8% árið 2025 yfir í 3,0% á fyrri hluta árs 2026. Hæst var atvinnuleysi yfir tímabilið á Suðurnesjum, 7,3% og hækkaði úr 7,0% frá 2025. Á Suðurnesjum hefur atvinnuleysi jafnan verið sveiflukenndara en á öðrum svæðum en það hefur lækkað skarpt það sem af er ári og í júlí 2026 var það lægra en á sama tíma árið á undan. Á öðrum landssvæðum var atvinnuleysi lægra en fyrir landið sem heild en hækkaði þó milli ára.

Árið 2025 var meðalatvinnuleysi 4,1% hjá körlum en 3,6% hjá konum en á fyrri hluta árs 2026 hafði það hækkað og var 4,8% hjá körlum og 4,1% hjá konum. Atvinnuleysi meðal karla hefur því aukist umtalsvert meira en meðal kvenna það sem af er ári. Þegar litið er til landssvæða var þróunin hins vegar í mörgum tilfellum ólík milli kynja en karlar voru alls staðar í meirihluta atvinnulausra nema á Suðurnesjum. Mesta breytingin var á Suðurnesjum en þar var atvinnuleysi kvenna 7,4% á fyrri hluta árs 2026 og hækkaði úr 6,6% árið á undan á meðan atvinnuleysi karla stóð í stað.

Yfir landið sem heild hefur orðið fjölgun í hlutfalli vinnuafis með erlendan bakgrunn en mjög hefur hægt á þeirri þróun undanfarin 2-3 ár. Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn var 24,9% í júní 2026 og hækkaði úr 24,5% á sama tíma árið áður. Hæst var hlutfallið á Suðurnesjum en þar voru 37,6% allra starfandi með erlendan bakgrunn um mitt ár 2026 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands. Lægst var hlutfallið á Norðurlandi en þar voru innflytjendur um 15% allra starfandi og þónokkuð undir landsmeðaltali.

8. Atvinnuleysi eftir landssvæðum

Árlegt atvinnuleysi 2024 - júlí 2026




Heimild: Vinnumálastofnun



9. Atvinnuleysi karla og kvenna eftir landssvæðum

Jan.-júl. 2026



Heimild: Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi og vinnumarkaður – spá fyrir næstu 12 mánuði

Við mat á þróun atvinnuleysis næstu 12 mánuði lítur Vinnumálastofnun til stöðu helstu atvinnuvega ásamt því að gera ráð fyrir áþekkri árstíðarsveiflu og síðasta ár. Atvinnuleysi hækkaði í kjölfarið á falli Play á síðari hluta árs 2025 og hefur ekki dregist saman aftur umfram venjubundnar árstíðarsveiflur.

Í nýjustu spá Seðlabankans er gert ráð fyrir 1,4% hagvexti árið 2026, sem er minna en fyrri spár gerðu ráð fyrir, og að hagvöxtur á næsta ári verði 1,9%. Jafnframt er gert ráð fyrir að verðbólga hækki áfram fram til loka árs 2026 og að kaupmáttur launa vaxi hægar en undanfarin ár. Auk fyrrnefndra þátta er óvissa í alþjóðaviðskiptum áfram mikil og blikur á lofti í byggingariðnaði hér á landi. Að teknu tilliti til þessara þátta gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi næstu 12 mánuði muni hækka umfram reglubundna árstíðarsveiflu og ná hámarki í byrjun árs 2027.


Merki um slaka á vinnumarkaði má meðal annars sjá í fjölda starfandi á vinnumarkaði og hversu mikið hefur hægt á fjölgun erlenda hópsins þar. Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði

hefur upp að ákveðnu marki verið sveiflujafnandi á þann hátt á því fjölgar þegar mikill hagvöxtur er en stendur í stað eða jafnvel fækkar þegar dregur úr hagvexti. Margir úr þessum hóp starfa í byggingariðnaði, þjónustustörfum og greinum tengdum ferðaþjónustu og allar þessar greinar einkennast afsveiflukenndu atvinnustigi, bæði milli árstíða og eftir stöðu hagkerfisins.

Þegar lítið er til atvinnugreina gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi í byggingariðnaði og öðrum iðnaði næstu 12 mánuði og eru nú þegar ýmis teikn á lofti um að störfum fari fækkandi og atvinnuleysi hafi aukist. Í ferðaþjónustu er gert ráð fyrir að atvinnuleysi fylgi árstíðarsveiflu og verði auk þess eilítið hærri en síðustu ár.

Fyrir vinnumarkaðinn sem heild gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi fari hækkandi næstu 12 mánuði samanborið við liðið ár og að árstíðarbundnar sveiflur aukist lítillega. Í skammtímaspá stofnunarinnar fyrir komandi 12 mánuði er gert ráð fyrir að árlegt atvinnuleysi árið 2026 verði um 4,5% og að atvinnuleysi fari hæst upp í 5,5% á fyrri hluta næsta árs.

10. Mánaðarlegt atvinnuleysi 2026 - júlí 2027
Skammtímaspá VMST



Heimild: Vinnumálastofnun

